

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Cefepima Normon 1 g stungulyfs-/innrennslisstofn og leysir, lausn

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Cefepima Normon og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Cefepima Normon
3. Hvernig nota á Cefepima Normon
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Cefepima Normon
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Cefepima Normon og við hverju það er notað

Cefepima Normon er sýklalyf sem gefið er með innrennsli (með dreypi) eða inndælingu í bláæð, í sérstökum tilfellum er það gefið með inndælingu í djúpan vöðva.

Cefepim tilheyrir flokki sýklalyfja sem kallast cefalósporín. Þau líkjast penicillíni.

Sýklalyf eru notuð til að meðhöndla bakteríusýkingar en virka ekki til meðferðar á veirusýkingum, s.s. flensu eða slímhúðarbólgu.

Mikilvægt er fylgja leiðbeiningum læknisins varðandi skammtastærðir, skammtatíðni og meðferðarlengd.

Geymið hvorki né endurnýtið þetta lyf. Ef afgangur er af sýklalyfinu eftir að meðferð er lokið farið þá með það í apótek þar sem því verður fargað á réttan hátt. Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Cefepima Normon er virkt gegn ákveðnum bakteríuteygundum sem eru næmar fyrir virka efninu, cefepimi.

Það er notað hjá fullorðnum til að meðhöndla sýkingar, s.s.:

- sýkingar í lungum (lungnabólgu),
- sýkingar í nýrum og þvagblöðru (þvagrás),
- sýkingar í húð og undir húðinni,
- hita hjá sjúklingum með litla eða í meðallagi mikla fækkun sumra hvítra blóðkorna,
- sýkingar í kviði (lífhimnubólgu, sýkingar í gallblöðru).

Cefepim má einnig nota til að fyrirbyggja sýkingar eftir skurðaðgerðir á kviði.

Það er notað hjá börnum til að meðhöndla sýkingar, s.s.:

- alvarlegar sýkingar í lungum (lungnabólgu),
- sýkingar í nýrum og þvagblöðru (þvagrás),
- sýkingar í húð og undir húðinni,
- hita hjá sjúklingum með litla eða í meðallagi mikla fækkun sumra hvítra blóðkorna,
- sýkingar í heila (heilahimnubólgu vegna bakteríusýkingar).

2. Áður en byrjað er að nota Cefepima Normon

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Cefepima Normon

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir cefepimi eða arginíni.
- ef um er að ræða ofnæmi fyrir öðrum cefalósporínnum eða öðrum tegundum sýklalyfja.
- ef þú hefur fengið alvarleg ofnæmisviðbrögð við penicillínnum eða einhverju öðru beta-laktam sýklalyfi þar sem þú gætir þá einnig verið með ofnæmi fyrir cefepimi.
- ef þú hefur einhvern tímann fengið annars konar ofnæmisviðbrögð eða astma, heymæði eða ofsakláða. Ef þú ert með hátt kalíum í blóði.
- ef þú ert með hátt sýrustig í blóði.

Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafræðing ef þú ert ekki viss.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en cefepim er notað ef:

- þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð við penicillínnum eða öðrum skyldum lyfjum (beta-laktam sýklalyfjum),
- þú ert með nýrnvandamál,
- þú hefur fengið þarmasjúkdóm með niðurgangi sem kallast ristilbólga, eða einhver alvarleg vandamál í þörmum.

Ef eitthvað ofangreint á við þig getur læknirinn viljað breyta meðferðinni eða gera með þér varúðarráðstafanir.

Notkun annarra lyfja samhliða Cefepima Normon

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Þetta er mikilvægt þar sem sum lyf má ekki taka með Cefepima Normon

Láttu lækninn vita sérstaklega ef:

- Þú notar lyf sem gætu haft áhrif á nýrnastarfsemi, s.s. **amínóglýkósíð sýklalyf** eða lyf sem auka þvagmagn eða þörfina á þvaglátum (þvagræsilyf).
- **Þú ert með sykursýki:** Láttu lækninn vita ef þú ert með sykursýki og mælir venjulega sykur í þvagi. Cefepim getur haft áhrif á niðurstöðu prófa á sykri í þvagi (próf sem ekki notast við ensím). Hafa má stjórn á sykursýkinni með annars konar prófum meðan á meðferð stendur með þessu lyfi.
- **Þú þarft að fara í blóðprufu:** Þetta lyf gæti breytt niðurstöðum sumra blóðprufna (t.d. Coombs prófi). Mikilvægt er að þú látir lækninn vita að þú sért að taka cefepim ef taka þarf úr þér blóðprufu.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. Aðeins ætti að nota Cefepima Normon hjá þunguðum konum ef áætlaður ávinningur fyrir móður er meiri en óþekkt áhætta fyrir fóstrið.

Ekki skal notað lyfið á meðan barn er haft á brjósti þar sem lítill hluti lyfsins berst í brjóstamjólk og þar með til barnsins.

Spurðu lækninn eða lyfjafræðing ráða áður en nokkurt lyf er notað.

Akstur og notkun véla

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á hæfni til aksturs og notkunar véla. Hins vegar geta komið fram aukaverkanir sem hafa áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla (sjá kafla 4).

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Cefepima Normon

Notið lyfið alltaf eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningnum eða lyfjafræðingi.

Cefepim er venjulega gefið af lækni eða hjúkrunarfræðingi. Leitaðu ráða hjá lækningnum eða lyfjafræðingi ef þú ert ekki viss.

Lyfið er gefið:

Með inndælingu í bláæð (á 3-5 mínútum) eða með dreypi (á 30 mínútum) í bláæð (innrennsli) eða með inndælingu djúpt í rasskinn (í vöðva).

Lækningurinn ákvarðar skammtinn af cefepim út frá aldri þínum, þyngd, alvarleika sýkingar og hversu vel nýrun í þér starfa. Lækningurinn mun útskýra þetta fyrir þér.

- Venjulegur skammtur fyrir fullorðna eru 2 til 4 grömm (g) á dag. Við alvarlegar sýkingar gæti skammturinn verið hækkaður upp í 6 g á dag.
- Börn og fólk með nýrnasjúkdóma gætu þurft lægri skammta. Lækningurinn þinn ákveður þetta.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Þar sem lækningurinn eða hjúkrunarfræðingur mun gefa þér Cefepima Normon er ólíklegt að þú fái rangan skammt. Láttu lækninginn samt strax vita ef þú finnur fyrir aukaverkunum eða heldur að þú hafir fengið of stóran skammt.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að nota Cefepima Normon

Ef þú heldur að þér hafi ekki verið gefinn skammtur af Cefepima Normon skaltu tafarlaust láta lækninginn vita.

Spurðu lækninginn eða lyfjafræðing ef þú hefur einhverjar frekari spurningar varðandi notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Láttu lækninginn tafarlaust vita ef eitthvað af eftirtöldu kemur fyrir:

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- Bólga í þörmum sem kallast ristilbólga (eða ristilbólga af völdum sýklalyfja), sem veldur alvarlegum langvarandi vatnskenndum niðurgangi með magakrömpum og hita.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- Alvarleg ofnæmisviðbrögð (skyndilegur hvæsandi andardráttur, öndunarerfiðleikar eða sundl, bólga í augnlokum, andliti, vörum eða hálsi).
- Krampar (flog).

Tíðni ekki þekkt

- Eyðing rauðra blóðkorna eða skortur á getu til að mynda rauð blóðkorn sem getur valdið slappleika, marblettum, tíðum sýkingum, fölva í húð, þreytu, öndunarerfiðleikum og dökku þvagi.
- Skortur á hvítum blóðkornum sem getur valdið skyndilegum háum hita, miklum hálssærindum og sárum í munni.
- Alvarleg og skyndileg ofnæmisviðbrögð, sem valda þrengingu í öndunarvegi sem getur valdið öndunarerfiðleikum.
- Dá, skert meðvitund eða erfiðleikar við að hugsa.
- Ýmsir kvillar sem hafa áhrif á heila, einkenni sem geta valdið lömum í hluta eða öllum líkamanum, stífur háls, óvenjulegt tal og óvenjulegar augnhreyfingar.
- Skyndilegir vöðvasamdrættir
- Flögnun og blöðrumyndun í húð, munni, augum og kynfærum.
- Nýrnabilun, sem veldur marktækri minnkun á þvagmyndun.

Aðrar hugsanlegar aukaverkanir

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- Falskt-jákvæð svörun á prófi sem rannsakar ástand rauðra blóðkorna (Coombs próf).

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- Fækkun rauðra blóðkorna, fjölgun ákveðinna gerða af hvítum blóðkornum, breyting á storkupáttum í blóði.
- Inndæling í bláæð getur valdið bólgu í æðum.
- Niðurgangur.
- Hækkun ákveðinna lifrarensíma, hækkun gallrauða í blóði.
- Útbrot.
- Viðbrögð á stungustað, sársauki eða bólga á stungustað.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- Þruska (sveppasýking), sýkingar í leggöngum.
- Alvarleg vandamál tengd blóði, þ.á.m. breyting á fjölda sumra hvítra blóðkorna og blóðflagna (á meðal einkenna eru þreyta, nýjar sýkingar og marblettir og aukin blæðingahneigð).
- Höfuðverkur, ógleði og uppköst.
- Útbrot (ofsakláði), roði og kláði í húð.
- Óeðlilegar niðurstöður úr prófum á nýrnastarfsemi.
- Hiti.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- Stingir eða dofi í höndum og fótum.
- Skert meðvitund eða erfiðleikar við að hugsa, sundl.
- Bragðtruflanir.
- Víkkun æða.
- Öndunarerfiðleikar.
- Kviðverkir, hægðatregða.
- Kláði á kynfærum.
- Skjálfti.

Tíðni ekki þekkt

- Falskt-jákvætt glúkósapróf í þvagi.
- Ringlun, ofskynjanir, syfja, truflanir á meðvitund.
- Blæðing.
- Meltingartruflanir.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar,

www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Cefepima Normon

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið við lægri hita en 30°C. Geymið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

Geymsluskilyrði blandaðrar/þynntrar lausnar má sjá í kaflanum „Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum“ í lok þessa fylgiseðils.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Cefepima Normon inniheldur

Hvert hettuglas inniheldur 1 g af cefepimi (sem cefepim tvíhýdróklóríð einhýdrat).

Annað innihaldsefni (hjálparefni) er L-arginín.

Hver lykja inniheldur vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Cefepima Normon og pakkningastærðir

Cefepima Normon er hvítt til beinhvítt duft fyrir lausn til inndælingar og innrennslis í glærum hettuglösum úr gleri með elastomer tappa og smelluloki.

Hettuglösunum er pakkað í pappaöskjur.

Pakkningastærðir: 1 og 50 hettuglös.

Ekki er víst að báðar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

LABORATORIOS NORMON, S.A.

Ronda de Valdecarrizo, 6 – 28760 Tres Cantos – Madrid (SPÁNN)

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í október 2021.

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Cefepima Normon 1 g stungulyfs-/innrennslisstofn og leysir, lausn

Þetta er útdráttur úr samantekt á eiginleikum lyfs til þess að hjálpa til við lyfjagjöf Cefepima Normon. Sá sem skrifar upp á lyfið ætti að vera búinn að kynna sér samantekt á eiginleikum lyfs við ákvörðun um hvort notkun lyfs sé viðeigandi fyrir viðkomandi sjúkling.

Til hægrar inndælingar/innrennslis í bláæð og inndælingar í vöðva.

ÓSAMRÝMANLEIKI VIÐ LEYSA OG ÖNNUR LYF

Cefepima Normon má **ekki** blanda við eftirfarandi sýklalyf: Metrónídazol, vancómýcin, gentamicin, tobramýcinsúlfat og netilmicínsúlfat þar sem eðlis- efnafræðilegur ósamrýmanleiki gæti komið fram. Sé samhliða meðferð ráðlögð skal gefa þessi sýklalyf sitt í hvoru lagi.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN, MEÐHÖNDLUN OG FÖRGUN

Viðhafa skal smitgát við blöndun lausnarinnar. Eftir blöndun skal gefa lausnina strax.

Skoðið hettuglasið fyrir notkun. Aðeins ætti að nota lausnina ef hún er laus við agnir.

Notið aðeins tærar lausnir.

Eins og á við um önnur cefalósporín, getur cefepim lausn orðið gul- eða dökkgulleit en það fer eftir geymsluskilyrðum. Þetta hefur ekki neikvæð áhrif á virkni lyfsins.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

Lyfjagjöf

Gefið í bláæð:

Fyrir beina inndælingu í bláæð, er innihald hettuglassins leyst upp í 5 eða 10 ml af vatni fyrir stungulyf, 5% glúkósalausn fyrir innrennsli eða 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríðlausn fyrir innrennsli eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Við blöndun þarf strax að hræra kröftuglega í lausninni um leið og búið er að bæta því magni sem þarf af leysi í hettuglasið þar til innihaldið er alveg uppleyst, til að koma í veg fyrir að leysirinn dreifist um duftið án þess að það leysist upp. Blandaðri lausninni er dælt hægt inn á 3-5 mínútum, annað hvort beint í bláæð eða í holnál á innrennsliskerfi þegar sjúklingur fær innrennsli með samrýmanlegri lausn til notkunar í bláæð.

Fyrir innrennsli í bláæð er duftið leyst upp eins og lýst er fyrir beina inndælingu í bláæð. Viðeigandi magni blandaðrar lausnar er bætt við í ílátið sem inniheldur samrýmanlega lausn til innrennslis.

Eftir blöndun er Cefepima Normon samrýmanleg eftirfarandi innrennslislausnum: Vatni fyrir stungulyf, 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríðlausn, 5% glúkósalausn, 10% glúkósalausn, 1/6 mólur natríumlaktatlausn, 5% glúkósalausn og 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríðlausn, Ringer laktatlausn og 5% glúkósalausn og Ringer laktatlausn. Gefa skal blandaða lausnina strax eftir blöndun.

Gefið í vöðva

Útbúa á Cefepima Normon með einni af eftirfarandi lausnum: vatni fyrir stungulyf, 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríðlausn eða 5% glúkósalausn. Þótt hægt sé að blanda Cefepima Normon við 0,5% eða 1% lídocain lausn gerist þess venjulega ekki þörf, þar sem inndæling í vöðva veldur litlum eða engum sársauka. Ef lyfinu er blandað við lídocain skal gefa lyfið strax eftir blöndun.

Blöndunarleiðbeiningar má sjá í eftirfarandi töflu:

Skammtur	0,5 g í bláæð	1 g í bláæð	2 g í bláæð	0,5 g í vöðva	1 g í vöðva
Leysi bætt við (ml)	5,0	10,0	10,0	1,5	3,0

Skammtar

Fullorðnir og börn yfir 40 kg (um það bil eldri en 12 ára)

- Ráðlagðir skammtar fyrir fullorðna og börn yfir 40 kg með eðlilega nýrnastarfsemi eru sýndir í eftirfarandi töflu:

Alvarleiki sýkingar Tími milli skammta	Skammtur og íkomuleið	Tími milli skammta
Vægar til miðlungs alvarlegar sýkingar	1 g í bláæð eða vöðva	12 klst.
Miðlungs alvarlegar til alvarlegar sýkingar í húð og mjúkvæfjum	2 g í bláæð	12 klst.
Alvarlegar sýkingar	2 g í bláæð	12 klst.

Mjög alvarlegar eða hugsanlega banvænar sýkingar	2 g í bláæð	8 klst.
--	-------------	---------

Sem fyrirbyggjandi við skurðaðgerðir á kvið skal gefa stakan 2 g skammt í hverju innrennsli á 30 mínútum, 60 mínútum fyrir skurðaðgerðina; eftir aðgerð skal gefa 500 mg af metrónídazóli. Blanda skal metrónídazólið og gefa það samkvæmt opinberri samantekt á eiginleikum lyfs. Þar sem Cefepima Normon og metrónídazól eru ósamrýmanleg, skal ekki gefa lyfin saman. Áður en metrónídazól er gefið, er ráðlegt að tæma innrennisslönguna með samrýmanlegum vökva. Ef aðgerðin stendur í meira en 12 klukkustundir skal innrennslið endurtekið eftir 12 klst.

Börn

- Lungnabólga, þvagfærasýkingar, sýkingar í húð og mjúkvæf: 50 mg/kg á 12 klst. fresti í 10 daga. Ef um alvarlegar sýkingar er að ræða má gefa skammtinn á 8 klst. fresti.
- Heilahimnubólga vegna bakteríusýkingar og reynslumeðferð hjá sjúklingum með daufkyrningafæð með hita: 50 mg/kg á 8 klst. fresti í 7-10 daga.
- Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins fyrir börn yngri en 2 mánaða. Ráðlagður skammtur er 30 mg á 12 eða 8 klst. fresti. Fylgjast skal náðið með þessum sjúklingum þegar þeir fá Cefepima Normon.
- Ekki skal gefa börnum stærri skammt en hámarksskammt fyrir fullorðna (2 g á 8 klst. fresti).
- Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins í vöðva hjá börnum.

Aldraðir

Ekki er þörf á skammtaaðlögun, nema í tilvikum nýrnabilunar.

Lifrabilun hjá fullorðnum

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með lifrabilun.

Nýrnabilun hjá fullorðnum

Ráðlagður upphafsskammtur hjá sjúklingum með nýrnabilun (nema í tilvikum blóðskilunar, sjá fyrir neðan) er sá sami og hjá sjúklingum með eðlilega nýrnastarfsemi. Eftirfarandi tafla sýnir viðhaldsskammta fyrir fullorðna sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi:

Kreatínín úthreinsun (ml/mín)	Ráðlagður viðhaldsskammtur (Venjulegur skammtur, skammtaaðlögun óþörf)		
>50	2 g á 8 klst. fresti	2 g á 12 klst. fresti	1 g á 12 klst. fresti
30-50	2 g á 12 klst. fresti	2 g á 24 klst. fresti	1 g á 24 klst. fresti
11-29	2 g á 24 klst. fresti	1 g á 24 klst. fresti	500 mg á 24 klst. fresti
≤10	1 g á 24 klst. fresti	500 mg á 24 klst. fresti	250 mg á 24 klst. fresti
Blóðskilun	500 mg á 24 klst. fresti	500 mg á 24 klst. fresti	500 mg á 24 klst. fresti

Sjúklingar í blóðskilun

Ráðlagður skammtur er 1 g af cefepimi á fyrsta degi meðferðar og 500 mg/dag eftir það við öllum sýkingum nema daufkyrningafæð með hita. Dagana sem blóðskilun fer fram skal gefa cefepim eftir blóðskilun. Ef mögulegt er skal alltaf gefa cefepim á sama tíma dags.

Hjá sjúklingum í samfelldri kviðskilun utan sjúkrahúss, má gefa cefepim í sömu skömmtum og hjá sjúklingum með eðlilega nýrnastarfsemi, nema á 48 klst. fresti.

Börn með nýrnabilun

Viðhaldsskammtur hjá börnum frá 2 mánaða til 12 ára með nýrnabilun:

Kreatínínúthreinsun (ml/mín)	Ráðlagður viðhaldsskammtur hjá börnum >2 mánaða til 12 ára
>50	Venjulegur skammtur, skammtaaðlögun er óþörf: 50 mg/kg á 8 klst. fresti / 50 mg/kg á 12 klst. fresti
30-50	50 mg/kg á 12 klst. fresti / 50 mg/kg á 24 klst. fresti
11-29	50 mg/kg á 24 klst. fresti / 25 mg/kg á 24 klst. fresti
≤10	25 mg/kg á 24 klst. fresti / 12,5 mg/kg á 24 klst. fresti

Meðferðarlengd

Almennt skal alltaf halda meðferð áfram í nokkra daga eftir að dregur úr hita og einkennum sýkingar. Venjuleg meðferðarlengd er 7 til 10 dagar; þó getur lengri meðferð verið nauðsynleg við alvarlegri sýkingum. Reynslumeðferð hjá sjúklingum með daufkyrningafæð með hita skal ekki vara skemur en 7 daga eða þangað til daufkyrningafæð lagast.